

19-00158-3

Afgreiðsla Eftirlitsnefndin

Nefndarálit eftirlitsefndar um

skýrslu Ríkisendurskoðunar Danmerkur til Norðurlandaráðs um ársreikninga Norðurlandaráðs fyrir árið 2018 (C4/2019/kk)**1. Tillaga nefndarinnar**

Eftirlitsnefndin leggur til að Norðurlandaráð samþykki

að samþykkja ársreikning og ársskýrslu Norðurlandaráðs fyrir árið 2018 hvað varðar eignir, skuldir og fjárhagsstöðu

að samþykkið sé veitt með fyrirvara um að þar sem yfirferð á fylgigögnum og á notkun og aðgangi að fjármálakerfinu sé ekki lokið sé ekki hægt að leysa stjórnina undan ábyrgð fyrr en farið hefur verið yfir öll fylgiskjöl og allar greiðslur fyrir árið 2018

að skrá hjá sér svör við spurningum til reikningshalds Norðurlandaráðs og taki enn fremur tillit til athugasemda eftirlitsnefndar

að fyrir hvern fund fái nefndir Norðurlandaráðs yfirlit yfir fjárhagsramma sinn og að nefndirnar geti sótt formlega um aukinn fjárhagsramma að því gefnu að gildar ástæður séu fyrir því að þær fylgi ekki samþykktum fjárhagsramma

að það hvetji Norðurlandaráð til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar:

að bætt verði úr veikleikum sem eru á umsjón og eftirliti með aðgangsréttindum og á sundurliðun í fjármálakerfinu og að farið verði yfir allar greiðslur frá 1.1.2018 fram til þess að nýtt fjármálakerfi var tekið upp og að teknar verði stikkprufur frá síðustu 5 árum til að tryggja að óheimilar greiðslur hafi ekki átt sér stað

að kerfislegur stuðningur við fjármálastjórnina verði bættur og að bækur verði í framtíðinni færðar með þeim hætti að tryggt sé að allt efni til endurskoðunar liggi fyrir við upphaf endurskoðunarinnar og að efnið sé yfirfarið áður en það er lagt fram

2. Bakgrunnur

Ríkisendurskoðun Danmerkur hefur farið yfir ársreikning Norðurlandaráðs fyrir árið 2018.



Ársreikningurinn fyrir árið 2018 sýnir afgang sem nemur 0,1 milljónum danskra króna en afgangurinn nam 1,8 milljónum danskra króna árið 2017.

Heildartekjur námu 36,8 milljónum danskra króna en þær námu 36,5 milljónum danskra króna árið 2017. Tekjurnar eru einkum framlag þjóðþinganna, 33,7 milljónir DKK. Skipting framlaga landanna er í samræmi við skiptinguna sem kveðið er á um í fjárhagsreglunum.

Heildarútgjöld hækkuðu um 1,8 milljónir danskra króna í 36,6 milljónir DKK. Af þeim liðum sem Ríkisendurskoðunin fer yfir er sérstaklega getið túlkunar og hækkunin á þeim lið nemur 36 prósentum frá 2016 til 2018.

Eigið fé Norðurlandaráðs nemur 7,8 milljónum DKK. Hér eru meðtaldar 5,1 milljón danskra króna sem forsætisnefnd samþykkti að varið skyldi í sérstök verkefni (ráðstafað fjármagn) ásamt 2,7 milljónum danskra króna óráðstafaðs fjármagns.

Ríkisendurskoðun bendir einnig á í ár að á árinu 2017 var gerð breyting á reikningsgrunni framlags til skrifstofuhalds. Það er nú reiknað út á grundvelli fjölda fastráðinna starfsmanna en ekki fjölda ársverka eins og áður var. Þetta hefur reynst hagstætt fyrir Norðurlandaráð varðandi skiptingu útgjalda vegna þess að hjá Norrænu ráðherranefndinni er mikið um verkefnaráðningar sem áður voru ekki taldar með. Framlagið er þó enn 3,4 milljónir danskra króna eins og árið á undan.

Endurskoðun Ríkisendurskoðanda nær einnig til styrkjaáætlunar fyrir þingmenn frá grannsvæðum Norðurlanda. Styrkjaáætlunin er fjármögnuð af fjárhagsáætlun Grannsvæðaáætlunarinnar og er í umsjó Norrænu ráðherranefndarinnar. Árið 2018 var ekki veitt fjármagni til áætlunarinnar en greidd útgjöld sem námu 0,2 milljónum danskra króna, Ríkisendurskoðun hefur fengið upplýsingar hjá Norðurlandaráði um að vænta megi tekna árið 2019.

3. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar

Ríkisendurskoðun telur ársreikningana gefa réttmæta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2018.

Ríkisendurskoðun telur jafnframt að ráðstafanir sem um er getið í ársreikningi séu í samræmi við lög og reglur, gerða samninga og viðteknar venjur.

Ríkisendurskoðun veitti þó athygli nokkrum sérstökum aðstæðum sem gerð er athugasemd við í skýrslu þeirra.

- Notendaaðgangur að fjármálakerfinu – brestir eru í umsjón og eftirliti með aðgangsréttindum og sundurliðun er ábótavant í Axapta fjármálakerfi Norrænu ráðherranefndarinnar.
- Framkvæmd endurskoðunar – kerfislegum stuðningi við fjármálastjórnina er ábótavant og því eru bæði fjárreiður og bókhald háð mörgum handvirkum verkferlum, afstemmingu og eftirliti.



4. Sjónarmið eftirlitsnefndar

Eftirlitsnefndin vekur athygli á þeim veikleikum sem komið hafa í ljós í fjármálakerfi Norðurlandaráðs sem hefur haft í för með sér aukna hættu á óréttmætum breytingum og úthlutunum, og á ákvörðun um endurskoðun á greiðslum undanfarin fimm ár.

Nefndinni er kunnugt um að Ríkisendurskoðun telur að ársreikningur og ársskýrsla fyrir árið 2018 gefi rétta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu.

Því telur eftirlitsnefndin, þó ekki svo að hafið sé yfir vafa, að mælast skuli til þess að samþykka skuli ársreikning Norðurlandaráðs fyrir árið 2018, en þó með þeim fyrirvara að við yfirferð á fylgigögnum og greiðslum sem nú stendur yfir verði ekki gerðar alvarlegar athugasemdir.

Eftirlitsnefndin mælist til þess að fyrir hvern fund fái nefndir Norðurlandaráðs yfirlit yfir fjárhagsramma sinn og að nefndirnar geti sótt formlega um aukinn fjárhagsramma að því gefnu að gildar ástæður séu fyrir því að þær fylgi ekki samþykktum fjárhagsramma.

5. Ályktun

Eftirlitsnefndin leggur til að Norðurlandaráð samþykki

að samþykka ársreikning og ársskýrslu Norðurlandaráðs fyrir árið 2018 hvað varðar eignir, skuldir og fjárhagsstöðu

að samþykkið sé veitt með fyrirvara um að þar sem yfirferð á fylgigögnum og á notkun og aðgangi að fjármálakerfinu sé ekki lokið sé ekki hægt að leysa stjórnina undan ábyrgð fyrr en farið hefur verið yfir öll fylgiskjöl og allar greiðslur fyrir árið 2018

að skrá hjá sér svör við spurningum til reikningshalds Norðurlandaráðs og taki enn fremur tillit til athugasemda eftirlitsnefndar

að fyrir hvern fund fái nefndir Norðurlandaráðs yfirlit yfir fjárhagsramma sinn og að nefndirnar geti sótt formlega um aukinn fjárhagsramma að því gefnu að gildar ástæður séu fyrir því að þær fylgi ekki samþykktum fjárhagsramma

að það hvetji Norðurlandaráð til að fylgja eftir athugasemdum Ríkisendurskoðunar:

að bætt verði úr veikleikum sem eru á umsjón og eftirliti með aðgangsréttindum og á sundurliðun í fjármálakerfinu og að farið verði yfir allar greiðslur frá 1.1.2018 fram til þess að nýtt fjármálakerfi var tekið upp og að teknar verði stikkprufur frá síðustu 5 árum til að tryggja að óheimilar greiðslur hafi ekki átt sér stað

að kerfislegur stuðningur við fjármálastjórnina verði bættur og að bækur verði í framtíðinni færðar með þeim hætti að tryggt sé að allt efni til endurskoðunar liggi fyrir við upphaf endurskoðunarinnar og að efnið sé yfirfarið áður en það er lagt fram



Stokkhólmi, 28. október 2019

Guðmundur Ingi Kristinsson

Linda Ylivainio

Maria Stockhaus

Thomas Jensen

Paula Bieler

Veronika Honkasalo

Ruth Mari Grung